


## Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júlí 2022

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 9. ágúst 2022.

## Akureyri.

Júlímánuður var fremur kaldur á Akureyri og ekki mikið um mjög hlýja daga, einnig mældist úrkoma 40% umfram meðalúrkomu árána 1991 - 2020 (tekið af vef Veðurstofu Íslands).

Síðan mælingar hófust á Akureyri hefur heildarfrjöldi frjókorna í júlí aldrei mælt lægri eða 328 frjó/m<sup>3</sup> en meðaltal árána 1998 til 2021 er 942 frjó/m<sup>3</sup> og 1215 frjó/m<sup>3</sup> síðustu tíu ára. Langflest frjókornanna voru grasfrjó enda var frjótími þeirra í hámarki í mánuðinum. Næst komu súru- og sveipjurtafrjókorn og svo m.a. furu-, stara- og frjókorn rósaættar. Fari frjótölur yfir 10–20 frjó á einum degi má búast við að ofnæmiseinkenna verði vart en það er þó einstaklingsbundið, einnig skiptir nálægð við blómstrandi gras máli. Þegar frjótala fer yfir 50 frjó/m<sup>3</sup> er mjög mikil hætt á að einkenna verði vart. Á Akureyri mældust grasfrjó í lofti alla daga júlímánaðar utan tvo en frjótala þeirra fór einungis þrisvar sinnum yfir 10 frjó/m<sup>3</sup> þar af einu sinni yfir 50 frjó/m<sup>3</sup>. Þetta var dagana 27. júlí til 29. júlí. Frjótíma grasa er samt alls ekki lokið en mun að öllum líkindum ljúka í ágúst.




Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júlí á Akureyri. Frjó voru á lofti nær allan mánuðinn. Mest var af frjóum síðustu vikuna og fór frjótalan þá einu sinni yfir 50 frjó/m<sup>3</sup>. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



## Garðabær.

Júlímánuður í Reykjavík var fremur kaldur, reyndar sá kaldasti á þessari öld. Einnig mældist úrkoma 45% yfir meðalúrkomu árána 1991 – 2020 (tekið af vef Veðurstofu Íslands).

Eins og á Akureyri hafa aldrei mælt færri frjókorn í júlímánuði í Garðabæ frá upphafi mælinga árið 2011. Heildarfrjöldi þeirra reyndist 428 frjó/m<sup>3</sup> en meðaltal júlímánaðar er 944 frjó/m<sup>3</sup>. Alla daga mældust þó frjó, flest þann 20. júlí eða 50 frjó/m<sup>3</sup>. Langflest frjókornanna í júlí voru grasfrjó, 321 frjó/m<sup>3</sup>, enda var frjótími grasa í fullum gangi þennan mánuðinn og stendur enn. Í Garðabæ fór frjótala grasa alls tíu sinnum yfir 10 frjó/m<sup>3</sup>, en þá er nokkur hætt á að ofnæmiseinkenna verði vart, og fimm sinnum yfir 20 frjó/m<sup>3</sup>. Aldrei fór hún yfir 50 frjó/m<sup>3</sup> en við þau mörk er mjög mikil hætt á ofnæmiseinkennum. Alla daga utan einn mældust einhver grasfrjó. Frjótíma grasa er alls ekki lokið en mun að öllum líkindum ljúka í ágúst.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júlí í Garðabæ. Grasfrjó mældust nær allan mánuðinn en aldrei yfir 50 frjó/m<sup>3</sup>. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfrjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

*Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.*

Garðabær, 9. ágúst 2022

Ellý Guðjohnsen

Netfang [elly@ni.is](mailto:elly@ni.is)

[www.ni.is](http://www.ni.is)

